

Hins vegar skulu TFM(T) fyrir vatnsrík matvælalíki einnig ná yfir Badge. 2H₂O (c) nema viðkomandi efni eða hlutur sé þannig merktur að fram komi að það/hann skuli eingöngu notast þar sem snerting verður við matvæli, þar með taldar drykkjarvörur, þar sem staðfest hefur verið að summa flæðis þessara fimm framangreindu efna, a), b), c), d), e) og f), geti ekki orðið meiri en 1 mg/kg.

- 10) Viðvörðun: hætta er á að flæði efnisins rýri skynmatseinkenni matvællanna, sem þau komast í snertingu við, og því er einnig hætta á að fullunnin varan samræmist ekki öðrum undirlið 2. gr. tilskipunar 89/109/EBE.

28. júní 2001

Nr. 525

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 9/2001 um breytingar á auglýsingu
ríkisskattstjóra nr. 2/2001 um skattmat vegna staðgreiðslu 2001.**

Eftirfarandi breytingar á skattmati vegna staðgreiðslu gilda frá 1. júlí 2001.

1. Á kafla 2.1 í auglýsingunni, Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, verða þessar breytingar:
 - a) stað fjárhæðanna: kr. 45,00, kr. 51,75 og kr. 63,25 komi fjárhæðirnar: kr. 52,00; 59,80 (sérstakt gjald) og 75,40 (torfærugjald).

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júlí 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

22. júní 2001

Nr. 526

REGLUGERÐ

**um bann við aðgerðum á hundum og köttum
sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.**

1. gr.

Eftirtaldar aðgerðir á hundum og köttum sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum tilgangi heldur til að breyta útliti þeirra eða eiginleikum eru bannaðar:

- a. Eyrnastífung hunda.
- b. Skottstýfung hunda.
- c. Brottnám raddbanda hunda og katta.
- d. Brottnám á klóm katta.
- e. Brottnám á sporum hunda.
- f. Tannúrdráttur hjá hvolpum og kettlingum.

2. gr.

Reynist nauðsynlegt að gera aðgerðir á skotti hunds, í læknisfræðilegum tilgangi, skal aðeins fjarlægja þann hluta skottsins sem nauðsynlegt er til að bati náist.